

Námsvísir 2023-24

1.bekkur



Námsgrein: Textílmennt

Kennari/kennarar: Friederike Leiberg Gleði - Samvinna - Sjálfstæði

Markmið

- vinna eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum
- þekkingaröflun, hugmyndavinna og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt
- gefa nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar
- þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið
- greina, meta og setja textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar
- vinna með efni af ólíkum toga, nýjum og endurunnum

Unnið er eftir hæfniviðmiðum aðalnámsskár

<https://vefir.mms.is/namsmat/pdf/haefnividmid/textil/textil.pdf>

Kennsluaðferð / vinnulag

Innlagnir og einstaklingsmiðuð kennsla er miðuð út frá þörfum nemenda hverju sinni. Nemendur fá verkefni sem þeir aðlaga eftir smekk til þess að auka færni og skapa afurð sem hefur persónulegt gildi.

Námsmat

Lögð verður áhersla á sjálfsmat, jafningjamat og leiðsagnarmat. Endanleg umsögn og mat í lok vetrar.

Námsgögn

Það sem nemendur þurfa til að ljúka völdu verkefni.